

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. gr. i. bætist við ný grein, 2. gr. j., sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2000 frá 28. janúar 2000 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2790/1999 frá 22. desember 1999 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. EB-gerðin er jafnframt birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

Viðskiptaráðuneytinu, 16. mars 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Jón Ögmundur Pormóðsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2790/1999**

frá 22. desember 1999

um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart flokkum lóðrétttra samninga og samstilltra aðgerða

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

víst að fullnægi skilyrðum 3. mgr. 81. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

6) Lóðréttir samningar í þeim flokki, sem er skilgreindur í þessari reglugerð, geta bætt efnahagslega skilvirkni innan framleiðslu- eða dreifingarferlis með því að greiða fyrir samræmingu milli hlutaðeigandi fyrirtækja, einkum geta þeir leitt til lækkunar á viðskipta- og dreifingarkostnaði aðilanna og til háþróaðrar á sölu þeirra og fjárfestingum.

með hliðsjón af reglugerð ráðsins nr. 19/65/EBE frá 2. mars 1965 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga og samstilltra aðgerða ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1215/1999 ⁽²⁾, einkum 1. gr.,að birtum drögum þessarar reglugerðar ⁽³⁾,

7) Líkurnar á að slík áhrif er leiða til aukinnar hagkvæmni vegi þyngra en hvers konar samkeppnishamlandi áhrif vegna takmarkana í lóðréttum samningum ráðast af markaðsstyrk hlutaðeigandi fyrirtækja og því hve mikla samkeppni aðrir vöru- og þjónustubirgjar veita, sem kaupandi myndi álíta jafngilda eða hliðtæða út frá einkennum vörunnar, verði og fyrirhuguðum notum.

að höfðu samráði við ráðgjafarnefnd um samkeppnishömlur og markaðsráðandi stöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi,

1) Reglugerð nr. 19/65/EBE veitir framkvæmdastjórninni umboð til að beita, með reglugerð, 3. mgr. 81. gr. sáttmálans (áður 3. mgr. 85. gr.) gagnvart tilteknum flokkum lóðrétttra samninga og samsvarandi samstilltra aðgerða sem falla undir gildissvið 1. mgr. 81. gr.

8) Hægt er að líta svo á að ef markaðshlutdeild birgisins fer ekki yfir 30% leiði lóðréttir samningar, sem fela ekki í sér tilteknar strangar samkeppnishömlur, almennt til bættrar framleiðslu og dreifingar og til þess að neytendum sé veitt sanngjörn hlutdeild í þeim ávinningi sem af þeim hlýst. Ef í lóðréttum samningum er að finna skuldbindingu um einkasölu er það markaðshlutdeild kaupandans sem skiptir máli við að ákvarða heildaráhrif slíkra lóðrétttra samninga á markaðinn.

2) Í ljósi fenginnar reynslu er hægt að skilgreina flokk lóðrétttra samninga sem telja má að uppfylli yfirleitt þau skilyrði sem sett eru í 3. mgr. 81. gr.

9) Þegar viðmiðunarmörk fyrir markaðshlutdeild eru yfir 30% er ekki hægt að reikna með að lóðréttir samningar, sem falla undir 1. mgr. 81. gr., muni að jafnaði hafa í för með sér þess konar ávinning og svo mikinn að hann vegi upp ókostina sem hann skapar fyrir samkeppnina.

3) Þessi flokkur nær yfir lóðrétttra samninga um kaup eða sölu vöru eða þjónustu þar sem þessir samningar eru gerðir milli fyrirtækja sem ekki eiga í samkeppni, milli tiltekinnna samkeppnisaðila eða milli samtaka vörusmáala. Hann tekur einnig til lóðrétttra samninga sem innihalda fylgiákvæði um framsal eða notkun hugverkaréttar. Í þessari reglugerð nær hugtakið „lóðréttir samningar“ til samsvarandi samstilltra aðgerða.

4) Við beitingu 3. mgr. 81. gr. með reglugerð er ekki nauðsynlegt að skilgreina þá lóðrétttra samninga sem gætu fallið undir 1. mgr. 81. gr. Við mat á einstökum samningum, sem falla undir 1. mgr. 81. gr., ber að taka tillit til ýmissa þátta, einkum gerðar markaðarins með tilliti til framboðs og kaupa.

10) Lóðréttir samningar, sem í eru takmarkanir sem eru ekki óhjákvæmilegar til að ná þeim jákvæðu áhrifum sem nefnd eru hér að framan, ættu ekki að vera undanþegnir samkvæmt þessari reglugerð. Einkum ættu lóðréttir samningar, sem í eru tilteknar strangar samkeppnishömlur á borð við lágmarksverð og fast endursöluverð ásamt ákveðnum tegundum svæðisvermdar, ekki að njóta ávinnings af hópundanþágunni, sem komið er á með þessari reglugerð, burtséð frá markaðshlutdeild viðkomandi fyrirtækja.

5) Sá ávinningur, sem hópundanþága felur í sér, ætti að takmarkast við lóðrétttra samninga sem telja má nokkuð

⁽¹⁾ Stjótd. EB 36, 6.3.1965, bls. 533/65.⁽²⁾ Stjótd. EB L 148, 15.6.1999, bls. 1.⁽³⁾ Stjótd. EB C 270, 24.9.1999, bls. 7.

- 11) Til að tryggja aðgengi að, eða til að hindra leynilegt samráð á, viðkomandi markaði skal setja ákveðin skilyrði fyrir hópundanþágunni. Í þessu skyni ber að takmarka undanþágur frá skuldbindingum um að taka ekki þátt í samkeppni við skuldbindingar sem miðast við tiltekinn tíma. Af sömu ástæðu ber að undanskilja frá ávinningi, sem fæst með þessari reglugerð, sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu sem verður til þess að aðilar í sérhæfðu dreifikerfi selji ekki vörumerki ákveðinna birgja í samkeppni.
- 12) Takmörkun á markaðshlutdeild, sú ákvörðun að undanþiggja ekki tiltekna lóðréttu samninga og skilyrðin sem sett eru í þessari reglugerð tryggja, að öðru jöfnu, að samningar þeir, sem hópundanþágan á við, geri þátttökufyrirtækjunum ekki kleift að útrýma samkeppni að því er varðar umtalsverðan hluta þeirra vörutegunda sem um ræðir.
- 13) Í ákveðnum tilvikum þar sem samningar, sem falla undir þessa reglugerð, hafa engu að síður áhrif, sem eru ósamrýmanleg 3. mgr. 81. gr., getur framkvæmdastjórnin dregið til baka hópundanþágu. Þetta getur einkum gerst ef kaupandinn hefur umtalsverðan markaðsstyrk á þeim markaði þar sem hann endurselur vörur eða veitir þjónustu eða þar sem samhliða net lóðréttu samninga hafa svipuð áhrif sem torveldu verulega aðgang að eða samkeppni á viðkomandi markaði. Slík samlegðaráhrif geta til dæmis komið upp í tilvikum þar sem um sérhæfða dreifingu eða skuldbindingu um að taka ekki þátt í samkeppni er að ræða.
- 14) Reglugerð nr. 19/65/EBE veitir lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum umboð til að afturkalla hópundanþágu að því er varðar lóðréttu samninga, sem hafa áhrif sem eru ósamrýmanleg ákvæðunum í 3. mgr. 81. gr., þar sem slíka áhrifa verður vart á yfirráðasvæðum þeirra, eða á hluta þeirra, og þar sem slíkt svæði hefur til að bera einkenni sérstaks landfræðilegs markaðar. Aðildarríkjunum ber að tryggja að meðferð þessa valds til afturköllunar stofni ekki í hættu samræmdri beitingu samkeppnisreglna bandalagsins á sameiginlega markaðinum eða fullum áhrifum þeirra aðgerða sem samþykktar hafa verið í tengslum við framkvæmd þessara reglna.
- 15) Til að styrkja eftirlit með samhliða netum lóðréttu samninga, sem hafa hliðstæð áhrif til takmörkunar og ná yfir meira en 50% tiltekins markaðar, getur framkvæmdastjórnin lýst því yfir að þessi reglugerð gildi ekki um lóðréttu samninga sem í eru tilteknar takmarkanir sem tengjast viðkomandi markaði og þar með sé ákvæði 81. gr. beitt að fullu á ný gagnvart slíkum samningum.
- 16) Þessi reglugerð er með fyrirvara um beitingu 82. gr.
- 17) Í samræmi við meginregluna um forgang bandalagslaga skal engin ráðstöfun, sem gerð er samkvæmt innlendum lögum, skaða samræmda beitingu samkeppnisreglna á innri markaðinum eða koma í veg fyrir að hverjar þær

ráðstafanir, sem eru samþykktar til framkvæmdar þessum reglum, þar með talin þessi reglugerð, hafi full áhrif.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA :

1. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „fyrirtæki í samkeppni“: raunverulegir eða hugsanlegir birgjar á sama vörumarkaði. Vörumarkaðurinn nær meðal annars yfir vörur eða þjónustu sem kaupandi telur jafngildar samningsvörum eða -þjónustu eða að geti komið í stað þeirra sakir eiginleika varanna, verðs og fyrirhugaðrar notkunar;
- b) „skuldbinding um að taka ekki þátt í samkeppni“: sérhver bein eða óbein skuldbinding sem verður til þess að kaupandi framleiðir ekki, kaupir ekki, selur ekki eða endurselur ekki vörur eða þjónustu sem keppir við samningsvörur eða -þjónustu, eða bein eða óbein skuldbinding á hendur kaupanda um að meira en 80% af heildarinnkaupum hans á samningsvörum eða -þjónustu eða hliðstæðum vörum og þjónustu á viðkomandi markaði séu gerð hjá birgi eða öðru fyrirtæki sem tilgreint er af birginum og skal miðað við verðmæti innkaupa kaupandans næstliðið almanaksár;
- c) „skuldbinding um einkasölu“: sérhver bein eða óbein skuldbinding sem veldur því að birgirnir má aðeins selja einum aðila innan bandalagsins vörur eða þjónustu sem tiltekin er í samningnum, með tiltekin not í huga eða til endursölu;
- d) „sérhæft dreifikerfi“: dreifikerfi þar sem birgji skuldbindur sig til að selja samningsvörur eða -þjónustu, beint eða óbeint, eingöngu til dreifingaraðila sem valdir eru á grundvelli tiltekinna viðmiðana og þar sem dreifingaraðilar skuldbinda sig til að selja ekki slíkar vörur eða þjónustu til dreifingaraðila sem eru ekki viðurkenndir;
- e) „hugverkaréttur“: tekur til hugverkaréttar á sviði iðnaðar, höfundaréttar og skylds réttar;
- f) „verkkunnátta“: safn hagnýtra upplýsinga sem einkaleyfi ná ekki yfir og eru afrakstur reynslu og tilrauna birgisins og sem eru leynilegar, umtalsverðar og auðkenndar; í þessu samhengi ber að skilja „leynilegar“ á þann veg að verkunnátta sem heild, eða í samskiptan og samsetningu einstakra hluta hennar, sé ekki almennt þekkt eða auðveldlega aðgengileg; „umtalsverðar“ merkir að í verkunnáttunni felist vitneskja sem er ómissandi fyrir kaupandann til að nota, selja eða endurselja samningsvörur eða -þjónustuna; „auðkenndar“ merkir að verkunnáttunni verði að vera lýst á nægilega skiljanlegan hátt til að gera kleift að sannprófa að hún uppfylli skilyrðin um að hún sé leynileg og umtalsverð;
- g) „kaupandi“: nær yfir fyrirtæki sem selur vörur eða þjónustu fyrir hönd annars fyrirtækis samkvæmt samningi sem fellur undir 1. mgr. 81. gr. sáttmálans.

2. gr.

1. Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. sáttmálans og með fyrirvara um ákvæði þessarar reglugerðar er því hér með lýst yfir að 1. mgr. 81. gr. gildir ekki um samninga eða samstilltar aðgerðir sem eru á milli tveggja eða fleiri fyrirtækja, sem hvert fyrir sig starfar, að því er varðar samninginn, á mismunandi framleiðslu- eða dreifingarstigi, og varða þau skilyrði sem þessir aðilar skulu uppfylla við kaup, sölu eða endursölu ákveðinnar vöru eða þjónustu („lóðréttir samningar“).

Þessi undanþága skal gilda að því marki sem í slíkum samningum er að finna samkeppnishömlur sem falla undir 1. mgr. 81. gr. („lóðréttar hömlur“).

2. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal aðeins gilda um lóðréttá samninga, sem gerðir eru milli samtaka fyrirtækja og meðlima samtakanna eða milli slíkra samtaka og birgja þeirra, ef allir meðlimirnir eru vörusmálar og ef enginn einstakur meðlimur samtakanna, ásamt tengdum fyrirtækjum, hefur heildarveltu á ári sem er yfir 50 milljónir evra; reglugerð þessi gildir um lóðréttá samninga sem slík samtök gera, með fyrirvara um beitingu 81. gr., gagnvart láréttum samningum sem meðlimir samtakanna gera sín á milli.

3. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., gildir um lóðréttá samninga sem innihalda ákvæði er varða framsal til kaupanda og not kaupanda á hugverkarétti, að því tilskildu að þessi ákvæði séu ekki meginatriði slíkra samninga og séu beinlínis tengd notkun, sölu eða endursölu kaupanda eða viðskiptavina hans á vöru eða þjónustu. Undanþágan gildir að því tilskildu, hvað varðar umsamda vöru eða þjónustu, að í þessum ákvæðum sé ekki að finna samkeppnishömlur sem hafa þannig sömu áhrif eða virkni og lóðréttar hömlur sem eru ekki undanþegnar samkvæmt þessari reglugerð.

4. Undanþágan, sem kveðið er á um í 1. mgr., gildir ekki um lóðréttá samninga sem eru gerðir milli samkeppnisfyrirtækja. Þó skal hún gilda þegar fyrirtæki í samkeppni gera lóðréttan samning sem ekki er gagnkvæmur og:

- a) kaupandinn hefur heildarveltu á ári sem er undir 100 milljónum evra, eða
 - b) birgirinn er framleiðandi og dreifingaraðili vöru en kaupandinn er dreifingaraðili sem framleiðir ekki vöru í samkeppni við samningsvöruna, eða
 - c) birgirinn útvegar þjónustu á mismunandi stigum viðskipta en kaupandi býður ekki upp á samkeppnisþjónustu á því stigi þar sem hann kaupir samningsþjónustuna.
5. Þessi reglugerð gildir ekki um lóðréttá samninga þegar viðfangsefni þeirra fellur undir gildissvið annarar reglugerðar um hópundanþágur.

3. gr.

1. Með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar skal undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., eiga við með því skilyrði að markaðshlutdeild birgisins fari ekki yfir 30% af viðkomandi markaði þar sem hann selur samningsvöruna eða -þjónustuna.

2. Sé um að ræða lóðréttá samninga, sem í eru skuldbindingar um einkasölu, skal undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gilda með því skilyrði að markaðshlutdeild kaupandans fari ekki yfir 30% á viðkomandi markaði þar sem hann kaupir samningsvöruna eða -þjónustuna.

4. gr.

Undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gildir ekki um lóðréttá samninga sem, beint eða óbeint, einir sér eða ásamt öðrum þáttum sem eru undir stjórn aðilanna, hafa að markmiði:

- a) að takmarka svigrúm kaupandans til að ákveða söluverð sitt, með fyrirvara um svigrúm birgisins til að ákveða hámarksöluverð eða leiðbeinandi söluverð, að því tilskildu að það jafngildi ekki föstu verði eða lágmarkssöluverði vegna þrýstings eða hvatningar frá öðrum hvorum aðilanna;
- b) að takmarka það landsvæði eða þann hóp viðskiptavina sem eða þar sem kaupanda er heimilt að selja samningsvörunar eða -þjónustuna, nema:
 - að takmarka virka sölu inn á afmarkað svæði eða til hóps einkaviðskiptavina sem er frátekinn fyrir birginn eða birgirinn hefur úthlutað til annars kaupanda, þar sem slík takmörkun hamlar ekki sölu á vegum viðskiptavina kaupanda,
 - að takmarka sölu á vegum kaupanda, sem starfar á heildsölustigi verslunar, til notenda,
 - að takmarka sölu á vegum aðila að sérhæfðu dreifikerfi til dreifingaraðila sem eru ekki viðurkenndir, og
 - að takmarka svigrúm kaupandans til að selja íhluti, sem afhentir hafa verið til ísetningar, til viðskiptavina sem hyggjast nota þá til framleiðslu á sömu tegund vöru og birgirinn framleiðir;
- c) að takmarka virka eða óvirka sölu aðila sérhæfðs dreifikerfis á smásölustigi verslunar til notenda, með fyrirvara um möguleikann á að banna aðila að kerfinu að reka starfsemi sína frá starfsstöð sem hefur ekki fengið viðurkenningu,
- d) að takmarka innbyrðis viðskipti dreifingaraðila innan sérhæfðs dreifikerfis, þar með talið milli dreifingaraðila sem starfa á öðru viðskiptastigi,
- e) takmörkun sem samþykkt hefur verið milli íhlutabirgis og kaupanda sem annast ísetningu þessara íhluta en það hindrar birginn í að selja íhlutana sem varahluti til notenda eða til viðgerðarverkstæða eða annarra þjónustuveitenda sem kaupandinn hefur ekki falið að gera við vörur sínar eða veita þjónustu sem tengist þeim.

5. gr.

Undanþágan, sem gert er ráð fyrir í 2. gr., gildir ekki um neina af eftirfarandi skuldbindingum sem felast í lóðréttum samningum:

- a) sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu um að taka ekki þátt í samkeppni, sem gildir um óákveðinn tíma eða lengur en í fimm ár. Skuldbinding um að taka ekki þátt í samkeppni, sem er með þegjandi samkomulagi endurnýjanleg lengur en til fimm ára, skal álitin vera til óákveðins tíma. Þó skulu fimm ára tímamörkin ekki eiga við ef kaupandinn selur samningsvörurnar eða þjónustuna frá athafnasvæði og landsvæði sem er í eigu birgisins eða birgirinn leigir af þriðja aðila, sem hefur ekki nein tengsl við kaupanda, að því tilskildu að gildistími skuldbindingar um að taka ekki þátt í samkeppni sé ekki lengri en afnotatími kaupandans að athafnasvæði og landsvæði birgisins,
- b) sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu sem skuldbindur kaupandann, eftir lok samningstímans, til þess að framleiða ekki, kaupa ekki, selja ekki eða endurselja ekki vörur og þjónustu, nema slík skuldbinding:

- varði vörur og þjónustu sem keppa við samningsvörurnar eða þjónustuna, og
- sé takmörkuð við athafnasvæði og landsvæði þar sem kaupandi hefur rekið starfsemi sína á samningstímanum, og
- sé ómissandi til að varðveita verkunnáttu sem birgir hefur veitt kaupanda,

og að því tilskildu að gildistími slíkra skuldbindinga um að taka ekki þátt í samkeppni takmarkist við eitt ár eftir að samningurinn rennur út. Þessi skuldbinding er með fyrirvara um að möguleiki sé til að leggja ótímabundnar hömlur á not og uppljóstrun verkunnáttu sem er enn ekki orðin almenningseign;

- c) sérhverja beina eða óbeina skuldbindingu sem skuldbindur aðila að sérhæfðu dreifikerfi til að selja ekki vörumerki tiltekinna birgja í samkeppni.

6. gr.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að afturkalla þann ávinning, sem hlýst af þessari reglugerð, í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 19/65/EBE þegar hún telur að í einhverju tilteknu tilviki hafi lóðréttir samningar, sem þessi reglugerð gildir um, engu að síður áhrif sem eru í ósamræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, einkum þar sem aðgengi að viðkomandi markaði eða samkeppni á honum er verulega heft með samlegðaráhrifum samhliða neta svipaðra lóðrétttra hamla sem birgjar eða kaupendur hafa innleitt í samkeppni.

7. gr.

Ef lóðréttir samningar, sem undanþáguákvæðið í 2. gr. gildir um, hafa í einhverju tilteknu tilviki áhrif, sem eru í ósamræmi við skilyrðin í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, á yfirráðasvæði aðildarríkis eða hluta þess sem hefur öll einkenni sérstaks landfræðilegs markaðar er lögbæra yfirvaldinu heimilt að afturkalla þann ávinning sem fæst með beitingu þessarar reglugerðar á því yfirráðasvæði, samkvæmt sömu skilyrðum og í 6. gr.

8. gr.

1. Samkvæmt 1. gr. a í reglugerð nr. 19/65/EBE getur framkvæmdastjórnin ákveðið með reglugerð að þar sem samhliða netkerfi svipaðra lóðrétttra hamla ná yfir meira en 50% af viðkomandi markaði skuli reglugerð þessi ekki gilda um lóðréttta samninga sem í eru tilteknar hömlur sem varða þann markað.

2. Reglugerð samkvæmt 1. mgr. skal ekki koma til framkvæmdar fyrr en sex mánuðum eftir samþykkt hennar.

9. gr.

1. Reikna skal 30% markaðshlutdeild, sem kveðið er á um í 1. mgr. 3. gr., á grundvelli söluandvirðis samningsvörunnar eða þjónustunnar og annarra vara eða þjónustu sem seld er af birgi og sem kaupandi telur jafngildar eða að geti komið í stað samningsvara eða þjónustu, sakir eiginleika vörunnar, verðs og fyrirhugaðrar notkunar. Ef upplýsingar um söluandvirði liggja ekki fyrir má nota mat byggt á öðrum áreiðanlegum markaðsupplýsingum, þar með talið sölumagn á markaði til að ákvarða markaðshlutdeild hlutaðeigandi fyrirtækis. Að því er varðar 2. mgr. 3. gr. skal nota annaðhvort andvirði kaupa á markaði eða mat þar á til að reikna út markaðshlutdeild.

2. Að því er varðar beitingu viðmiðunarmarkna markaðshlutdeildarinnar, sem kveðið er á um í 3. gr., skulu eftirfarandi reglur gilda:

- a) markaðshlutdeildin skal reiknuð út á grundvelli gagna frá næstliðnu almanaksári,
- b) markaðshlutdeildin skal ná til allrar vöru eða þjónustu sem látnar hafa verið sameinuðum dreifingaraðilum í té með sölu að markmiði,
- c) ef upphaflega markaðshlutdeildin var ekki hærri en 30% en eykst eftir það án þess þó að fara yfir 35% skal undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gilda áfram í allt að tvö almanaksár samfellt eftir árið þegar fyrst var farið yfir 30% markaðshlutdeild,
- d) ef upphaflega markaðshlutdeildin er ekki meiri en 30% en vex síðan yfir 35% skal undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., gilda áfram í eitt almanaksár eftir árið þegar fyrst var farið yfir 35% markaðshlutdeild,
- e) óheimilt er að sameina ávinning, sem fæst á grundvelli c- og d-liðar, þannig að tímabilið verði lengra en tvö almanaksár.

10. gr.

1. Að því er varðar útreikninga á árlegri heildarveltu í skilningi 2. og 4. mgr. 2. gr. skal leggja saman veltu hlutaðeigandi aðila að lóðréttta samningnum á næstliðnu fjárhagsári og veltu sem tengd fyrirtæki hans mynda í tengslum við allar vörur og þjónustu, að undanskildum öllum sköttum og skyldum. Ekki skal taka tillit til viðskipta milli aðila að lóðréttum samningi og fyrirtækja tengdum honum eða milli tengdu fyrirtækjanna.

2. Undanþágan, sem kveðið er á um í 2. gr., skal gilda áfram þar sem heildarársvelta sérhverra tveggja, samfelldra fjárhagsára fer ekki meira en 10% fram úr heildarársveltu.

11. gr.

1. Í þessari reglugerð skal merking hugtakanna „fyrirtæki“, „birgir“ og „kaupandi“ ná til viðkomandi tengdra fyrirtækja þeirra.
2. „Tengd fyrirtæki“ eru:
 - a) fyrirtæki þar sem samningsaðili, beint eða óbeint:
 - ræður yfir meira en helmingi atkvæða, eða
 - getur skipað meira en helming fulltrúa í yfirstjórn, framkvæmdastjórn eða stofnanir sem koma fram fyrir hönd fyrirtækisins, eða
 - á rétt á að stýra rekstri fyrirtækisins,
 - b) fyrirtæki sem hafa, beint eða óbeint, einhver þau réttindi eða völd, sem um getur í a-lið, í fyrirtæki sem á aðild að samningnum,
 - c) fyrirtæki þar sem fyrirtæki sem um getur í b-lið hefur, beint eða óbeint, þau réttindi eða völd sem talin eru upp í a-lið,
 - d) fyrirtæki, þar sem samningsaðili ásamt einu eða fleiri fyrirtækjum, sem eru talin upp í a-, b- eða c-lið, eða þar sem tvö eða fleiri af síðastnefndu fyrirtækjunum hafa sameiginlega þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið,
 - e) fyrirtæki þar sem þau réttindi og völd, sem eru talin upp í a-lið, eru sameiginlega í höndum:
 - samningsaðila eða viðkomandi fyrirtækja tengdra þeim sem um getur í a- til d-lið, eða

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Mario MONTI

framkvæmdastjóri.

— eins eða fleiri samningsaðila eða eins eða fleiri af tengdum fyrirtækjum þeirra sem um getur í a- til d-lið og eins eða fleiri þriðju aðila.

3. Að því er varðar 3. gr. skal markaðshlutdeild fyrirtækjanna, sem um getur í e-lið 2. mgr. í þessari grein, skipt jafnt milli þeirra fyrirtækja sem hafa þau réttindi eða völd sem tilgreind eru í a-lið 2. mgr.

12. gr.

1. Undanþágurnar, sem kveðið er á um í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1983/83 ⁽¹⁾, nr. 1984/83 ⁽²⁾ og nr. 4087/88 ⁽³⁾ skulu gilda áfram til 31. maí 2000.

2. Bann það, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 81. gr. sáttmála EB, skal ekki gilda á tímabilinu frá 1. júní 2000 til 31. desember 2001 að því er varðar samninga sem hafa öðlast gildi 31. maí 2000 og uppfylla ekki skilyrði fyrir undanþágu sem kveðið er á um í þessari reglugerð en sem uppfylla skilyrðin fyrir undanþágu sem kveðið er á um í reglugerðum (EBE) nr. 1983/83, nr. 1984/83 eða nr. 4087/88.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

Hún kemur til framkvæmda 1. júní 2000, nema 1. mgr. 12. gr. sem kemur til framkvæmda 1. janúar 2000.

Þessi reglugerð falli úr gildi 31. maí 2010.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 173, 30.6.1983, bls. 1.

⁽²⁾ Stjótið. EB L 173, 30.6.1983, bls. 5.

⁽³⁾ Stjótið. EB L 359, 28.12.1988, bls. 46.